

Útdráttur

Tónlist er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna. Þessi ritgerð byggist upp á umfjöllun um gildi tónlistar fyrir börn og tónlistarþroska barna. Einnig eru settar fram hugmyndir að tónlistarstarfi í leikskóla og fjallað um hvert hlutverk kennarans er. Að lokum er gerð grein fyrir könnun á þætti tónlistar í leikskólum á Akureyri og nokkrum öðrum bæjarfélögum.

Gildi tónlistar fyrir börn er margvíslegt og tónlist getur haft áhrif á allhliða þroska barna. Sem dæmi má nefna að hreyfiþroski er styrktur með hreyfingum og dansi við tónlist. Einnig má nefna að þar sem tónlist hvetur til þátttöku og samvinnu styrkir hún félagsþroska.

Tónlistarþroski barna er einstaklingsbundinn en fylgir þó oftast ákveðnu mynstri. Skoðaðar verða hugmyndir sérfræðinga um ferli tónlistarþroska og fjallað um nokkrar rannsóknir er tengjast honum.

Tónlist getur spilað stórt hlutverk í leikskólastarfi. Meðal annars er tónlist vel til þess fallin að kenna börnum bókstafi, tölustafi og liti. Með tónlist er einnig hægt að skapa ákveðið andrúmsloft. Í hvíldarstund er notalegt að hlusta á rólega tónlist og í frjálsum leik er gaman að dansa við fjöruga tónlist.

Könnunin sem ég framkvæmdi var send til 53 deildarstjóra og skiluðu 44 henni til baka. Niðurstöður leiddu í ljós að tónlistarstarf í leikskólunum er mjög mismunandi. Í öllum leikskólunum eru söngstundir en í aðeins 43% tilfella eru aðrar tónlistarstundir í boði fyrir börnin. Í flestum leikskólum geta börnin hlustað á tónlist að vild í frjálsum leik en sjaldgæft er að þau hafi frjálstan aðgang að hljóðfærum. Hjá meirihluta svarenda vekur það upp jákvæðar tilfinningar að sjá um tónlistarstund en þó er nokkuð um það að tilfinningar eins og kvíði og óöryggi vakni þegar kemur að undirbúningi slíkrar stundar.

Abstract

Music is an important element in the development of every child. This essay is based on a discussion of the value of music for children and their musical development. Ideas for music education in kindergarten will also be presented and a discussion on the role of the teacher. Finally, an account of a survey on music in kindergartens in Akureyri and a few other places will be given.

Music can affect various parts of children's development. For an example motor-skills are developed through dancing and movement to music. Music education also encourages children to participate and cooperate and thereby enhances social development.

Musical development is unique for every child but usually follows a certain pattern. Ideas from experts on the process of musical development will be discussed and some research will be considered.

Music can play a big role in kindergarten. By using music it is possible to teach children letters, numbers and colors. Music can create a certain atmosphere. While resting it is relaxing to listen to quiet music and during playtime it is fun to dance to lively music.

The survey was sent to 53 administrators and 44 of them returned it. The results showed that musical activities varied between kindergartens. Emphasis is placed on singing but only 43% of those who were asked reported that other musical hours were offered. In most cases children can listen freely to music during playtime but access to musical instruments is not common. The majority reports that pleasant feelings arise when organizing musical activities but feelings like anxiety and insecurity are also common.